

Mál nr. 108/2006

**M
og
vátryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y vegna bifreiðarinnar B**

Árekstur ökutækja á bifreiðastæði við Smáralind í Kópavogi þann 08.04.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 07.06. 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf vátryggingafélagsins X, dags. 24.06. 2006.
3. Bréf vátryggingafélagsins Y, dags. 19.06. 2006 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi.

Fátæklegra gagna gætir í máli þessu. Ljóst er þó, að báðum bifreiðunum var ekið eftir stæðinu, og skárust leiðir bifreiðanna á þann veg, að ökumaður A hafði bifreiðina B sér á hægri hönd.

Ökumaður B telur að sök á árekstrinum liggi hjá ökumanni A. Hafi ökumaður A sagt á vettvangi, að hann hafi blindast af sól, er áreksturinn varð, en láti þeirra ummæla hins vegar að engu getið í tjónstilkynningu. Í bréfum beggja hlutaðeigandi vátryggingafélaga, þ.e. félaganna X og Y, kemur fram sú afstaða, að ábyrgð á árekstrinum hvíli á ökumanni A, sem hafi átt að veita umferð frá hægri forgang.

Álit.

Í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir, að þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skuli sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita hinum forgang. Af gögnum málsins verður ráðið, að þessa gætti ökumaður A ekki, og verður því að líta svo á, að hann beri ábyrgð á árekstrinum milli bifreiðanna A og B. Ekki eru efni til að fella sök á ökumann B í máli þessu miðað við gögn málsins.

Niðurstaða

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík, 4. júlí 2006

Rúnar Guðmundsson

Sigmar Ármannsson

Jón Magnússon